

## 040/00 - M.b. Arney KE-50

Arney KE-50, skipverji slasast við vinnu í lest er kar skríður til

### M.b. Arney KE-50

**Skipaskr.nr.:** 1416

**Smíðaður:** í Noregi 1975 úr stáli

**Stærð:** 346,51 brl; 475,00 bt

**Lengd:** 43,57 m **Breidd:** 8,20 m **Dýpt:** 6,50 m

**Vél:** Wichmann 920,00 kW **Árgerð:** 1974

**Annað:**

**Földi skipverja:** 13



Arney ©Olgeir Sigurðsson

### Atvikalýsing

Hinn 16. mars 2000 var m.b. Arney KE-50 að veiðum með net 2,5 sml. suðvestur af Sandgerði. Veður: suðvestan 5 vindstig.

Þrír skipverjar unnu í lest við að ganga frá afla í kör. Voru þeir að aðskilja fisktegundir og voru þeir á mismunandi stöðum í lestinni.

Skipstjóri stjórnaði siglingu skipsins áleiðis á stað sem leggja átti netatrossuna aftur. Þegar skipinu var snúið og fékk sjó og vind inn á hornið að aftan tók það nokkuð djúpa veltu. Við það valt kar með ís í og skipverjinn, sem var við hlið karsins, náði ekki að koma sér undan. Lenti karið á fæti hans sem brotnaði illa.

Skipsfélagar hins slasaða hlúðu að honum í lest skipsins en því var strax siglt áleiðis til hafnar sem var skammt undan. Er til hafnar var komið var hinn slasaði fluttur á sjúkrahús.

### Við rannsókn kom fram

- að skipstjóri sagði að skipið hefði hallað 15-20°;
- að slasaði sagði að ekkert mál væri að sjóbúa körin.

### Nefndarálit

Nefndin telur að koma hefði mátt í veg fyrir þetta slys ef frágangur á körum í lestinni hefði verið fullnægjandi. Gæta þarf þess sérstaklega vel að gengið sé frá körum eða kössum í lest skips svo að ekki sé hætt á að farmur hreyfist þótt hreyfing sé á skipinu. Hafa þarf það hugfast að skip sem er laust getur hallast eða oltið í bæði borð fyrirvaralítið.